

b.t.

Félagsmaður HRFÍ

Reykjavík, 25.09.2013

Efni: Upplifun og reynsla barna af hundum sem gæludýrum

Kæri félagsmaður. Ég heiti Arngerður Jónsdóttir og legg stund á meistaranám í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Sem hluta af námi mínu er ég að vinna rannsókn tengda samskiptum barna og hunda sem gæludýra. Leitað er eftir upplifun barna af hundum og hvaða ávinning, ef einhvern, þau hafi hlotið af umgengni við þá. Má þar nefna þætti eins og reynslu af hirðingu hundsins og þátt hundsins í samskiptum barna við fjölskyldu og jafnaldra. Niðurstöður úr rannsókn sem þessari geta gefið upplýsingar um gildi hundsins fyrir börn og fjölskyldur þeirra, hvers beri að líta til þegar hundar og börn fara saman og þannig jafnframt stuðlað almennt að bættu hundahaldi.

Rannsókn af þessu tagi er hins vegar ekki möguleg án þátttakenda. Ég auglýsi því hér með eftir þátttakendum sem eru tilbúnir til að vera með í rannsókninni. Þátttakendur þurfa að vera á aldrinum 13 til 16 ára og hafa hund/hunda á heimili sínu. Ég mun taka viðtal við hvern og einn þátttakanda sem gert er ráð fyrir að það taki um 30-60 mínútur. Óskað verður eftir samþykki forráðamanns og barns fyrir þátttöku en að sjálfsögðu er þátttakanda heimilt að draga sig út úr rannsókninni hvenær sem er.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í rannsókninni geta haft samband við mig í síma eða gegnum tölvupóst, sjá hér að neðan. Ekki hika við að hafa jafnframt samband við mig ef óskað er eftir frekari upplýsingum um rannsóknina.

Með von um góðar undirtektir

Arngerður Jónsdóttir

MA-nemi í uppeldis-og menntunarfræði við Háskóla Íslands

Tölvupóstur: arj24@hi.is

Gsm: 820-9558